

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. um fullnustu refsinga, nr. 49/2005 (rafrænt eftirlit, samfélagsþjónusta).

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr.
 - a. 2. mgr. a-liðar (24. gr. a) orðist svo:

Þegar dæmd refsing er 12 mánaða óskilorðsbundið fangelsi er afplánun undir rafrænu eftirliti 30 dagar. Afplánun undir rafrænu eftirliti lengist um 2,5 daga fyrir hvern dæmdan mánuð og getur orðið 240 dagar hið mesta.
 - b. Við b-lið (24. gr. b) bætist nýr töluliður, svohljóðandi: að fangi eigi að jafnaði ekki mál til meðferðar hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum þar sem hann er kærður fyrir refsiverðan verknað enda sé málið rekið með eðlilegum hætti og dráttur því ekki af völdum fangans.
2. Við 4. gr.
 - a. Í stað orðanna „12 mánaða“ í a-lið komi: níu mánaða.
 - b. Í stað orðanna „mest 480“ í a-lið komi: mest 360.
 - c. Orðin „að jafnaði“ í lok a-liðar falli brott.
 - d. Í stað orðanna „tölf mánuðir“ í b-lið komi: níu mánuðir.
3. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Við 2. mgr. 80. gr. laganna bætist: sem og um fullnustu refsinga utan fangelsis.
4. 6. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. október 2011.

⋮

